


Áfallaáætlun Hulduheima



Efnisyfirlit

Áfallateymi leikskólans Hulduheima.....	3
Með áföllum þá er átt við	3
Áfallahjálþ fyrir börn	4
Andlát nemanda/starfsmanns 	5
Alvarleg veikindi nemanda eða starfsmanns	6
Alvarlegt slys eða veikindi á aðstandanda nemanda	7
Símanúmer utanaðkomandi fagaðila	8
Símanúmer áfallateymis.....	8
Fylgiskjal 1	9

Áfallateymi leikskólans Hulduheima

Í áfallateymi leikskólans er starfandi stjórnendateymi; leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og fjórir deildarstjórar.

Stjórnendur leikskólans virkja áfallateymið ef áföll verða og þykir þörf á að grípa til samhæfðra aðgerða. Einnig geta stjórnendur kallað til utanaðkomandi aðila til að veita aðstoð eða styðja við áfallateymið, sérfræðiþjónustu, prest eða heilsugæslu. Starfi áfallateymis lýkur þegar aðstæður eru metnar þannig að brugðist hefur verið við og unnið úr áfalli að því marki að starf og líf hlutaðeiganda er komið í venjubundnar skorður. Einnig að búið sé að tryggja eftirfylgni að einstökum þáttum áfallsins.

Með áföllum þá er átt við

- Dauðsföll ^[1]_[SEP]
- Langvarandi og alvarleg veikindi ^[1]_[SEP]
- Slys og afleiðingar þeirra ^[1]_[SEP]
- Ýmsar félagslegar aðstæður sem geta leitt til aukins álags barns (s.s. skilnaður, flutningar, vímuefni, atvinnuleysi og misnotkun). ^[1]_[SEP]

Þegar upp kemur áfall í leikskólanum sem tengist starfsmanni eða leikskólabarni með einhverjum hætti þá er mikilvægt að öll skilaboð berist strax til leikskólastjóra eða hans staðgengils. Það er í höndum leikskólastjóra að kalla saman áfallateymi ef til þarf og skipuleggur hann með hvaða hætti bregðast skuli við, hann stjórnar aðgerðum.

Ef upp kemur að fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum þá er það eingöngu í höndum **leikskólastjóra** eða hans **staðgengils** að gefa þær.

Það er hlutverki áfallateymis að vera leikskólastjóra og öðru starfsfólki leikskólans til aðstoðar við að halda utan um allar þær aðgerðir sem fara í gang þegar áfall ber að garði.

Það skal gert með því

- að leita til prests eða annarra utanaðkomandi sérfræðinga og stuðningsaðila sem gætu komið inn í leikskólann okkur til aðstoðar ^[1]_[SEP]

- að meta með hvaða hætti skuli bregðast við [L] [SEP]
- að safna saman þeim upplýsingum um það sem komið hefur fyrir [L] [SEP]
- að taka til ítarefni [L] [SEP]
- að gera áætlun um það ferli sem í gang fer, að miðla upplýsingum, útdeila verkefnum og [L] [SEP]halda utan um þá vinnu [L] [SEP]

Hafa ber í huga að mikilvægt er að öll viðbrögð og áætlanir séu settar fram af yfirvegum og **nærgætni**. Það er í höndum áfallateymis hvaða hlutverk hver og einn hefur, hver kemur skilaboðum áfram og með hvaða hætti þau berast til barna og foreldra/forráðamanna þeirra. Einnig er það í höndum áfallateymis að ákveða hver tekur við skilaboðum og gefur upplýsingar út á við.

Þegar áfall eða sorg ber að dyrum er mikilvægt að viðkomandi hafi í huga að það sem skiptir mestu máli er: [L] [SEP]

- Faðmleg, hlýtt hjarta, lítill munnur og stór eyru
- Hafa í huga að atburðinum sé sýndur virðing án þess að dvalið sé of lengi við áfallið

Áfallahjálpi fyrir börn

- Notað hreinskilin, einlæg og opin tjáskipti
- Greina barninu frá staðreyndum um það sem gerst hefur, hvernig og líka hvað muni sennilega gerast
- Hinn fullorðni talar við barnið með aldur og þroska þess í huga. Notast við einfaldar og skýrar útskýringar.
- Forðast að nota huglægar útskýringar
- Forðast að tala undir rós, nota líkingarmál eða orðatiltæki. Einlæg og opin tjáskipti er ávallt betri.
- Leita eftir leiðum til að aðstoða börn til að vinna úr tilfinningum sínum t.d í gegnum sköpun eða leik.

Andlát nemanda/starfsmanns ^[1]_[SEP]

- Leikskólastjóri eða staðgengill fær staðfestingu á andláti. Ekki treysta á óstaðfestar fregnir.
- Leikskólastjóri eða staðgengill kallar áfallateymið saman.
- Áfallateymið kemur saman eins oft og þurfa þykir á komandi dögum ásamt þeim fagaðilum sem kallaðir hafa verið til.
- Leikskólastjóri kallar starfsmenn leikskólans saman og tilkynnir hvað gerst hefur og hvernig leikskólinn hyggst taka á málinu.
- Aðstandendur hins látna eru látnir vita af fyrirhugaðari samverustund.
- Áfallateymið kallar til sérfræðiaðstoð sem ræðir við börnin á þeim deildum sem við á. Einnig sérfræðiaðstoð til að vera stuðningur fyrir starfsfólk leikskólans.
- Bréf sent til foreldra/forráðamanna barna þar sem greint er frá andláti.
- Fáni er dreginn í hálfra stöng eftir að búið er að tilkynna andlátið.
- Áfallateymi sér um samúðargjafir frá starfsfólki
- Fáni er dreginn í hálfra stöng á útfaradaginn

Andlát aðstandanda barns ^[1]_[SEP]

- Leikskólastjóri eða staðgengill fær staðfestingu á andláti. Ekki treysta á óstaðfestar fregnir.
- Deildarstjóra barns er tilkynnt um andlátið eins fljótt og auðið er.
- Áfallateymi kemur saman og skiptir með sé verkum.
- Starfsfólki leikskólans er tilkynnt eins fljótt og auðið er um andlátið.
- Bréf sent til foreldra/forráðamanna barna þar sem greint er frá andlátinu.
- Áfallateymið metur hvort kalla eigi til sérfræðinga til að ræða við börn í samverustund um andlátið á þeim deildum sem við á.
- Börn á deild barnsins útbúa samúðarkveðju.
- Leikskólinn sendir samúðarkveðju til barnsins og fjölskyldu þess.

Alvarlegt slys á nemanda/starfsmanni

Slys í leikskólanum:

- Verði alvarlegt slys á nemanda eða starfsmanni á skólatíma skal ávallt hringja strax á sjúkrabíl (112)
- Leikskólastjóri eða staðgengill hans hefur samband við foreldra, forráðamenn eða nánasta aðstandenda. Upplýsingar um nánasta aðstandenda barna eru hjá leikskólastjóra og í möppu inni á deildum. Upplýsingar um nánasta aðstandenda starfsmanns er í dagbók hvernar deildar.

- Áfallateymi kemur saman og ákveður hvernig bregðast skuli við.
- Starfsfólki leikskólans er tilkynnt um það sem hefur gerst.
- Farið yfir hvernig tekið verður á málunum með starfsfólki
- Rætt er við börnin á sínum deildum það sem við á um slysið og kallað út frekari sérfræðinga ef til þarf.
- Þeir starfsmenn sem ekki eru í vinnu eru upplýstir um það sem gerst hefur.
- Hafa ber í huga að eingöngu **leikskólastjóri** eða **staðgengill** hans, er sá eini sem er tengiliður við fjölmíðla og aðra utanaðkomandi sem sækjast eftir upplýsingum.
- **Leikskólastjóri** eða **staðgengill** hans, er sá sem fær staðfestingu á því hvað hafi átt sér stað með því að hafa samband við aðstandendur, ef því verður við komið, annars við lögreglu, sjúkrahús eða þjónustumiðstöð.
- **Leikskólastjóri** aflar sér daglega upplýsinga um gang mála og fundar með áfallateymi og kemur þannig upplýsingum áfram til starfsfólks.
- Mikilvægt er að endurkoma barns eða starfsmanns sé vel undirbúið.
- Barn eða starfsmaður sem kemur aftur til baka þarf að vera viss um að búið sé að ræða áfallið innan leikskólans.

Alvarleg veikindi nemanda eða starfsmanns

Fyrstu viðbrögð

- Leikskólastjóri eða staðgengill hans fær staðfestingu á veikindum viðkomandi.
- Áfallateymið er kallað saman ef til þarf og kemur saman eins oft og þarf.
- Leikskólastjóri eða staðgengill er í sambandi reglulega við aðstandendur og ákveður í samráði við þá þær upplýsingar sem veittar verða.
- Áfallateymi tilkynnir starfsfólki um veikindin og passað upp á að allir starfsmenn verði upplýstir.
- Starfsmaður ræðir við börnin á sinni deild þar sem við á um veikindi nemanda eða starfsmanns og fær viðeigandi sérfræðing ef til þarf .
- Barnahópurinn gerir mynd eða gjöf til að færa viðkomandi með ósk um góðan bata.
- Barn eða starfsmaður fær að vita að allir í leikskólanum séu upplýstir um hvað gerst hefur.
- Mikilvægt er að undirbúa vel endurkomu barns eða starfsmanns og veita einstaklingnum sérstaka athygli fyrst um sinn.

Alvarlegt slys eða veikindi á aðstandanda nemanda

- Leikskólastjóri eða staðgengill, aflar upplýsinga hjá aðstandendum.
- Áfallateymið kemur saman og bregst við innan leikskólans.
- Samráð er haft um aðgerðir með fjölskyldu eða aðstandendum barnsins.
- Starfsfólk er upplýst eftir því sem þurfa þykir.

Hlúa þarf að barni og fylgjast með líðan þess á meðan veikindi standa yfir. Það þarf að hafa í huga að það er misjafnt hvernig barn bregst við erfiðum fréttum. Þroski og aldur barns hefur áhrif á viðbrögð þess og því þarf að hafa í huga að gefa því tækifæri ef það fær þörf til að ræða atburðinn, lífið og dauðann. Hægt er að gefa barninu tækifæri í gegnum sköpun og leik.

Símanúmer utanaðkomandi fagaðila

Nafn	Stofnun	Sími
Vígfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur	Landspítali Háskólasjúkrahús	543-1000
Miðgarður þjónustumiðstöð Grafarvogs		411-1400
Barnavernd Reykjavík		411-1111
Barnahús		530-2500
Barnaverndarstofa		530-2600
Heilsugæsla Grafarvogs		513-5600
Slysadeild		543-2000
Áfallahjálpi Landspítalans		543-1000
Landlæknir:		510-1900
Neyðarlínan		112

Símanúmer áfallateymis

Nafn	Sími
Elín Rós Hansdóttir	690-4622
Jónína Jóhannsdóttir (Nenna)	772-3002
Gróa Þórdís Þórðardóttir	616-9671
Bryndís Kristinsdóttir	697-7093
Inga Birna Sigurðardóttir	868-7073
Svanlaug Sigurðardóttir	894-5548
Vilborg Magnúsdóttir	894-5201

dags/date_____

Til foreldra og forráðamanna barna í leikskólanum Hulduheimum. To parents and guardians of children in Hulduheimum pre-school.

Kæru foreldrar/forráðamenn.

Sá sorglegi/dapurlegi/alvarlegi atburður gerðist í gær/dag að (nafn/nöfn og atburður)

Deildarstjórar/(nafn) sérfræðingur í sorg og sorgarviðbrögðum hefur rætt við/mun ræða við börnin í samverustund um (atburðinn) á þeim deildum þar sem það á við í dag/á morgun, eins og þroski þeirra leyfir.

Hvet ykkur að Leyfa barninu að ræða atburðinn en það hjálpar því að vinna úr þessari reynslu. Ef þið hafið áhyggjur af líðan barnsins vegna þessa atburðar, endilega hafið samband við leikskólastjóra.

Misjafnt er hvernig barn bregst við erfiðum fréttum sem veldur því áhyggjum. Þroski og aldur þess eru þeir þættir sem hafa mestu áhrifin á viðbragð barnsins og því mikilvægt að því sé gefið tækifæri þegar það finnur þörf fyrir að ræða um atburðinn. Hafa ber í huga að mikilvægt er að gefa því tækifæri til að skoða atburðinn í gegnum leik og listsköpun.

Dear Parents/guardians

The tragic/sad/serious event happened yesterday/today that (nafn/nöfn og atburður)

Teachers/(nafn) an expert in the grief and mourning process has spoken to / will talk to the children in a special gathering in relevant classrooms about (atburður) as their stage of development permits.

Allow the child to discuss the incident as it helps to process this experience. If you have concerns about your child's well-being because of this event please feel free to contact the pre-school director.

Stage and age of development are key factors in how a child responds to a difficult event and how it affects it. Therefore it is important that it is given the chance to discuss the event when it feels compelled to do so. It is important to give the child the opportunity to observe the event through play and art-projects.

Með kærri kveðju/With kind regards. _____



Elín Rós Hansdóttir, leikskólastjóri/pre-school director